



Borgarráð

Tillaga að fjárhagsrömmum fyrir árið 2027

Lagt er til að eftirfarandi fjárhagsrammar án innri leigu verði samþykktir fyrir svið borgarinnar og skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027:

Aðalsjóður	Heildarramm án innri leigu 2027
Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS)	1.193.807
Menningar- og íþróttasvið (MÍR)	14.446.625
Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)	1.035.602
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu (RHS)	2.473.342
Skóla- og frístundasvið (SFS)	79.043.392
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	6.973.605
Velferðarsvið án bundinna liða (VEL)	42.689.911
Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON)	2.063.100
Rammaúthlutun 2027	149.919.383

Eignasjóður nettó fyrir afskriftir og fjárm.liði	Útgjaldarammi án innri leigu 2027
Umhverfis- og skipulagssvið ES (USKES)	13.553.298
Rammaúthlutun 2027	13.553.298

Tafla 1: Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs og Eignasjóðs

Jafnframt er lagt til að borgarráð feli sviðum og miðlægum skrifstofum að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.

Við útfærslu sviða og skrifstofa á tillögu að fjárhagsáætlun til borgarráðs verði tekið mið af samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar frá 27. maí 2026 og verkefnalista sem birtur var þann 2. júní sl.: [Verkefnalisti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar í borgarstjórn](#). Vísað er í forsendur fjárhagsáætlunar dags. 16. júlí 2026 og meginforsendur rammaúthlutunar, nánari leiðbeiningar og áherslur í meðfylgjandi greinargerð.



Greinargerð

Efnahagsumhverfi og forsendur fjárhagsáætlunar

Óvissa um horfur í ytra efnahagsumhverfi setur mark sitt á undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir komandi ár. Alþjóðleg óvissa í viðskiptum, tollamál, stríðsátök og hrávöruverð eru þar mikilvægar breytur en verðbólguþrýstingur og vaxtastig eru í ríkum mæli háð aðstæðum erlendis og þróun á mörkuðum.

Rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar hefur á undanförnum árum einkennst af þenslu á vinnumarkaði, þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Árið 2025 nam hagvöxtur um 1,3% en hagvaxtarhorfur fyrir yfirstandandi ár hafa versnað í kjölfar stríðsátaka við Persaflóa og aukinnar verðbólgu. Samkvæmt grunnsþá Seðlabanka Íslands frá 20. maí 2026 er nú gert ráð fyrir 1,6% hagvexti í ár, sem er 0,4 prósentum minni vöxtur en bankinn spáði í febrúar. Árið 2027 er spáð 1,8% hagvexti, en 2,2% árið 2028 og nálgast vöxturinn því langtímahagvaxtargetu þjóðarbúsins. Verðbólga jókst á ný í upphafi ársins eftir að hafa hjaðnað nokkuð á síðasta ári. Launavísitalan hækkaði um 7,1% milli ára á fyrsta ársfjórðungi 2026 þegar kjarasamningsbundnar hækkanir á almennum vinnumarkaði komu til framkvæmda. Útlit er fyrir að endurskoðunarákvæði kjarasamninga virkist í ágúst, þar sem verðbólga stefnir í að mælast yfir 4,7% viðmiði, og er nokkur óvissa um hvort samningum verði sagt upp og samið um enn meiri launahækkanir.

Helstu áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar eru vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Íþyngir það rekstrinum og hægir á getu borgarinnar til að ná viðunandi jafnvægi. Enn vantar upp á fulla fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks og óvissa er um fjármögnun biðlista, svo sem eftir sértækum húsnæðisúrræðum. Brýnt er að ljúka samningum um verkefni sem íþyngja rekstri og eru á ábyrgð ríkisins og tryggja yfirtöku þess á öllum kostnaði og þjónustu í ljósi skýrrar ábyrgðar, til dæmis á málaflokki barna með fjölþættan vanda.

Áherslur við undirbúning fjárhagsáætlunar

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar miðar að því að fjármálastjórn borgarinnar sé sjálfbær til lengri tíma litið. Í því felst að rekstur skili afgangi og borgarsjóður standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma án þess að gengið sé á eignir eða þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur. Reykjavíkurborg leggur fram útfærslu rammaúthlutunar fyrir árið 2027 á þessum grunni. Athygli er vakin á því að útfærsla fjárhagsáætlunar og forgangsroðun verkefna er eitt helsta stjórnþæki borgarstjórnar til að koma áherslum sínum og stefnumörkun í framkvæmd.

Stjórnendum sviða og stofnana er falið að taka mið af eftirfarandi leiðbeiningum og áherslum við undirbúning frumvarps að fjárhagsáætlun:

- Áhersla er lögð á sjálfbærni í rekstri og fyrirbyggjandi aðgerðir við undirbúning fjárhagsáætlunar til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í samræmi við fjármálastefnu Reykjavíkurborgar.
- Fjárheimildum verði forgagnsraðað til lögbundinna verkefna með hliðsjón af áherslum og reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu og þjónustustig. Skytt er að hafa hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi við útfærslu. Takmarkaðar fjárheimildir geta falið sér nauðsyn þess að gera breytingar á reglum og þjónustustigi.
- Fjárhagsáætlun málaflokka og verkefna verði unnin samkvæmt núllgrunnsaðferðafærði, þar sem mönnun, rekstur og þjónustustig er skilgreint og





fjármagnað að fullu. Óheimilt er að gera ráð fyrir ófjármögnum verkefnum í fjárhagsáætlun.

- Gætt verði aðhalds í ráðningum með áherslu á sameiningu starfa, virka forgangsörðun verkefna ásamt frestun, breytingum eða niðurlagningu á þjónustu. Vegna grunnþjónustu verði ávallt miðað við áætlaða mannaflapörf og samþykktar fjárheimildir starfsstaðar. Ráðningareglum sé fylgt í hvívetna.
- Áhersla er lögð á að leita hagkvæmustu leiða við útfærslu á þjónustu og rekstri og skipulagi um framkvæmd hennar. Á það jafnt við um lögbundna og lögheimila þjónustu.
- Áhersla er á samræmingu í innkaupum og hagkvæmustu lausnum í rekstri þar sem fagleg ábyrgð rekstrar og þjónustu verði endurskoðuð eftir atvikum.
- Áhersla er lögð á fjölgun leikskóla- og dagheimilispláss, styttingu biðlista og auknum sveigjanleika í úrræðum. Auk þess á sterkari stoðþjónustu og viðeigandi stuðning við börn og fjölskyldur í nærumhverfi þeirra.
- Áhersla er lögð á þátttöku barna og ungmenna í íþrótt-, tómstunda- og menningarstarfi með því að bæta aðgengi og efla samstarf skóla, frístundastarfs og íþróttafélaga. Þá verði áhersla á að styrkja innviði íþrótt- og tómstundastarfs.
- Aðgengi að velferðarþjónustu fyrir einstaklinga og fjölskyldur verði einfalt og þjónustan samþætt.
- Aukin áhersla verði á velferðartækni og öfluga heimaþjónustu fyrir eldri borgara, sem styrkir sjálfstæði þeirra, lífsgæði og þátttöku.
- Aðgengi íbúa að menningarstarfi verði bætt, með stuðningi við grasrótastarf, ungt skapandi fólk og hverfistengda viðburði.
- Áhersla er lögð á að einfaldara, skilvirkara og hagkvæmara stjórnkerfi. Það verði þjónustumiðað þar sem árangur, mælingar og kostnaðareftirlit er tryggt.
- Áhersla verði á að endurskipuleggja með markvissum hætti eignastýringu og eignaumsjón fasteigna og annarra innviða borgarinnar.
- Stafrænar lausnir og nýting nýrrar tækni á borð við gervigreind skal vera í fyrirrúmi við skipulag þjónustu og úrvinnslu verkefna.
- Lögð er áhersla á að bæta flæði og skilvirkni samgangna á höfuðborgarsvæðinu með endurskoðun stórra innviðaverkefna, auknum framkvæmdahraða, snjallari umferðarstýringu og aðgerðum sem draga úr umferðartöfum.
- Lögð er áhersla á að bæta aðgengi og þjónustu fyrir alla ferðamata, meðal annars með úrbótum á almenningssamgöngum, göngu- og hjólainnviðum, bílastæðamálum og raforkuinnviðum fyrir vistvæna samgöngumata.
- Áhersla verði á að einfalda regluverk og hraða skipulags- og byggingarferlum, m.a. til að auka framboð og hagkvæmni í húsnæðisuppbyggingu innan





borgarmarkanna og bæta skilyrði fyrir fjárfestingu, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu. Áhersla verði á styttri afgreiðslutíma og bættu þjónustu til að auðvelda íbúum og byggingaraðilum framkvæmdir.

- Áhersla verði á bætt viðhald á grunnskóla- og leikskólahúsnæði borgarinnar, bæta náms- og starfsaðstæður fyrir börn og starfsfólk og aðgengi fyrir alla.
- Innleidd verði virk áhættustýring, arðsemismat og ábatagreining á öllum fjárfestingum borgarinnar áður en þær koma til samþykktar.

Meginforsendur rammaúthlutunar

Rammaúthlutun ársins 2027 tekur mið af fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, gildandi fimm ára áætlun og fjárhagslegu svigrúmi borgarsjóðs. Gert ráð fyrir heildrænni skiptingu fjármuna milli sviða og miðlægra skrifstofa borgarinnar að teknu tilliti til svigrúms innan gildandi fjármálastefnu, kjarabóta, verðbóta, samþykktra úthlutunarlíkana og helstu áskorana í rekstri.

Við undirbúning rammaúthlutunar liggur fyrir að öðru óbreyttu að útgjaldasvigrúm borgarsjóðs fyrir ný verkefni er neikvætt sem nemur 3,7 ma.kr. að teknu tilliti til gildandi fimm ára áætlunar. Á sama tíma hafa svið og miðlægar skrifstofur borgarinnar lagt mat á þrjár helstu áskoranir í rekstri og nema þær alls 5,9 ma.kr. Þetta felur í sér að svið og miðlægar skrifstofur borgarinnar þurfa að leita inná við til að finna rými fyrir ný verkefni þ.e. leita leiða til endurskipulagningar og forgangsraða núverandi verkefnum. Niðurstöður liggi fyrir við kynningu sviða í fjármálahópi borgarstjóra á forgangsörðun innan ramma þann 19. ágúst n.k.

Ekki gert ráð fyrir fjármagni miðlægt vegna ófyrirséðra verkefna nema að litlu leyti. Svið og miðlægar skrifstofur skulu stilla upp fjárhagsáætlun ársins 2027 á þann hátt að hægt sé að fjármagna ófyrirséð verkefni innan úr ramma.

Forsendur rammaúthlutunar vegna ársins 2027 eru að öðru leyti eftirfarandi:

1. Gjaldskrár:

- 1.1. Árið 2027 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki um 4% að jafnaði sem tekur mið af forsendum um verðlags- og launaþróun fjárhagsáætlunar. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspegli raunkostnað í samræmi við lög.
- 1.2. Gjaldskrár þjónustu- og nýsköpunarsviðs taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af viðbótum í ramma sviðsins. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að yfirfara og stemma af tekjur og útgjöld þjónustunnar.

2. Útgjöld:

- 2.1. Launakostnaður: Gert er ráð fyrir að launahækkarnir vegna kjarasamningshækkana leiði til endurskoðunar á fjárhagsáætlun starfsstaða. Kjarabótum vegna kjarasamninga sem þegar hafa verið samþykktir skulu rúmast innan tillögu að fjárhagsáætlun sviðs. Áætluð mönnun skal taka mið af því rými sem til staðar er innan rammaúthlutunar. Getur það falið í sér að gera þurfi breytingar á mönnun starfsstaða eða endurskoðunar á verkefnum eða þjónustustigi.





- 2.2. Annar rekstrarkostnaður: Áætluð útgjöld annars rekstrarkostnaðar skulu taka mið af forsendum fjárhagsáætlunar um verðlagsþróun og rúmast innan rammaúthlutunar. Getur það falið í sér að gera þurfi breytingar á samningum við ytri aðila um þjónustustig og umfang samnings eða áætluðu umfangi innkaupa á vörum og þjónustu.
- 2.3. Innri leiga: Í ofangreindri tillögu er búið að draga frá innri leigu úr ramma sviða, en gert er ráð fyrir að innri leiga leiði til endurskoðunar á fjárheimildum þegar hún liggur fyrir.
- Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að taka saman upplýsingar um breytingar á innri leigu vegna ársins 2027. Gert er ráð fyrir að verðlags- og magnáhrif vegna leigu samgöngumannvirkja taki breytingum með sama hætti.
- 2.4. Grunnskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum reiknilíkans *Eddu*. Rekstur grunnskóla skal rúmast innan rammaúthlutunar. Getur það falið í sér að gera þurfi breytingar á mönnun eða þjónustustigi starfsstaða. Gert er ráð fyrir að breytingar á fjölda barna geti leitt til viðbóta eða frádráttar á fjárheimildum skóla- og frístundasviðs.
- 2.5. Leikskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum reiknilíkans *Snorra*. Rekstur leikskóla skal rúmast innan rammaúthlutunar. Getur það falið í sér að gera þurfi breytingar á mönnun eða þjónustustigi starfsstaða. Gert er ráð fyrir að breytingar á fjölda barna geti leitt til viðbóta eða frádráttar á fjárheimildum skóla- og frístundasviðs.
- 2.6. Við rammaúthlutun er ekki ráðstafað til velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings, en gert verður ráð fyrir fjármagni vegna þessara liða við framlagningu frumvarps.
- 2.7. Við rammaúthlutun er ekki tekið tillit til hagræðingaraðgerða í rekstri sem samþykktar hafa voru í borgarráði í júní. Áhrif þeirra á fjárheimildir verða útfærðar í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Verkefnisáætlun

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2027 felast í því að svið og fagrað forgangsraða verkefnum næsta árs innan úthlutaðra fjárheimilda og kynna fyrir borgarstjóra og fjármálahópi þann 19. ágúst n.k.

Skilafrestur sviða á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2027 er 18. september n.k. Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2027 og fimm ára áætlun vegna áranna 2027-2031 verði lagt fram í borgarstjórn þriðjudaginn 3. nóvember n.k. og afgreitt úr borgarstjórn eftir síðari umræðu þriðjudaginn 1. desember 2026.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík